

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/234**  
**komudagur 26.10.2012**



Nefndasvið Alþingis, umhverfis- og  
samgöngunefnd  
Kristjana Benediktsdóttir  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. október 2012  
Tilvísun: 2010050046  
SE/APÁ/BH  
Tölvupóstur dags. 10.10.2012.

**Efni: Umsögn um frumvarp til nýrra umferðarlaga, 179. mál.**

Með tölvubréfi dags. 10. október sl. sendir umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis Vegagerðinni til umsagnar frumvarp til nýrra umferðarlaga, 179. mál.

Lagafrumvarp þetta var samið af nefnd sem samgönguráðherra skipaði til að endurskoða umferðarlög. Vegagerðinni gafst kostur á að gera athugasemdir við frumvarpið eftir að nefndin hafði skilað tillögum sínum til ráðherra. Vegagerðin hefur einnig fjallað um frumvörp sem lögð hafa verið fram um sama efni á undanförunum árum. Að nokkru hefur verið tillit til þeirra athugasemda sem Vegagerðin hefur komið á framfæri við vinnslu frumvarpsins. Eftirfarandi eru athugasemdir við frumvarpið sem Vegagerðin telur ástæðu til að koma á framfæri á þessu stigi málsins.

**Reglur um hjólreiðamenn og eftir atvikum öikumenn léttra bifhjóla í flokki I. (Hjólandi)**

Vegagerðin hefur hvatt til þess að farið verði sérstaklega yfir reglur um hjólreiðamenn með tilliti til öryggis þeirra í umferðinni og ekki síst í ljósi þess að frumvarpið gerir ráð fyrir að börn allt niður í 7 ára aldur megi hjóla á akbraut, sbr. 42. gr. frumvarpsins. Nokkrar athugasemdir og breytingatillögur hafa verið gerðar við ákvæði frumvarpsins þar að lútandi sem ítrekast hér með auk þess sem athugasemdir eiga að hluta til einnig við um reglur um akstur léttra bifhjóla í flokki I.

**1) Í 25. gr., 6. mgr., verði sleppt orðunum "til vinstri" og „hjólréiðamönnum og öikumönnum á léttu bifhjóli í flokki I“.**

Í 6. mgr. 25. gr. frumvarpsins er kveðið á um forgang tiltekinna vegfarenda gagnvart umferð ökutækja á vegamótum. Samsvarandi ákvæði er í 5. mgr. 25. gr. núgildandi laga. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu segir að frumvarpið sé efnislega samhljóða gildandi lögum. Engu að síður er sú breyting gerð að ákvæði frumvarpsins gildir aðeins þegar ökutæki beygir til vinstri á vegamótum en í gildandi lögum er forgangur fyrir hendi hvort sem beygt er til hægri eða vinstri. Hér er um efnislega breytingu að ræða sem ætla verður að þarfnist frekari skoðunar.

Í 26. gr.4. mgr. frumvarpsins er tekið fram að við beygju á vegamótum megi ökumaður ekki valda gangandi vegfaranda sem fer yfir akbraut þá sem beygt er inn á hættu eða óþægindum. Samkvæmt 25. gr. 6. mgr. frumvarpsins ber ökumanni sem ætlar að beygja til vinstri á vegamótum að veita eftirtöldum forgang:

- Umferð sem á móti kemur.
- Gangandi vegfarendum sem fara þvert yfir akbraut þá sem hann ætlar að fara á (gangandi í báðar áttir).
- Hjólandi vegfarendum (hjólreiðamönnum og ökumönnum léttra bifhjóla í flokki I) sem fara þvert yfir akbraut þá sem hann ætlar að fara á (í báðar áttir, bæði á gangstéttum og akbrautum).

Hjólandi hafa samkvæmt þessu stöðu gangandi vegfaranda við þessar aðstæður án tillits til þess hraða sem þeir geta verið á. Að mati Vegagerðarinnar skapar þetta umtalsverða slyshættu. Hafa ber í huga að reiðhjól og létt bifhjól í flokki I eru ökutæki og því ætti að fara um notkun þeirra við þessar aðstæður eins og önnur ökutæki. Lagt er til að hjólandi hafi stöðu ökumanns en ekki gangandi vegfaranda. Eingöngu beri að veita hjólandi forgang ef þeir teljast til umferðar á móti, þ.e. umferðar á akbraut en fá því aðeins stöðu gangandi á gangstétt að þeir stígi af hjólinu og reiði það yfir akbraut.

Þegar hjólandi vegfarandi nálgast vegamót er honum að óbreyttum lögum heimilt að hjóla eftir gangstétt á það miklum hraða að nær útilokað er bæði fyrir þann hjólandi og ökumann að verða hver annars var í tæka tíð áður en ökutæki tekur vinstri beygju þvert á akstursstefnu hjólandi vegfaranda. Allt öðru máli gegnir þegar í hlut á gangandi vegfarandi sem er á litlum hraða og sýnir aðgæslu skv. 15. gr. frumvarpsins áður en hann fer yfir akbraut. Ökumaður sem hyggst taka beygju og gangandi vegfarandi hafa tækifæri til að verða varir hvor við annan og forðast slys.

Með vísan til framangreinds og í þeim tilgangi að draga úr þeirri miklu slyshættu sem lýst er hér að framan er lögð til sú breyting á frumvarpinu að orðin: **"hjólreiðamönnum og ökumönnum á léttu bifhjóli í flokki I"** verði sleppt í 25. gr., 6. mgr.

Verði ekki fallist á þessa tillögu Vegagerðarinnar verður að telja nauðsynlegt að tryggja að hjólandi vegfarendur taki einnig á sig allar skyldur sem gangandi vegfarandi ber við sambærilegar aðstæður.

Ákvæði frumvarpsins um gangandi vegfarendur þyrftu þá að gilda um hjólandi við þessar aðstæður, þ.e. ákvæði 15. gr. frumvarpsins. Til þess að svo megi verða er óhjákvæmilegt að hjólandi vegfarandi stígi af hjóli og leiði það yfir akbraut. Að öðrum kosti verður að telja að sérstök slyshætta sé fyrir hendi treysti hjólandi vegfarandi á fortakslausan rétt gagnvart umferð annarra ökutækja. Eigi hjólandi að hafa sama forgang og gangandi vegfarandi við þessar aðstæður er lagt til að bætt verði við setningunni *"sem leiða hjól yfir akbraut"*.

**2) 41. gr., 3. mgr.,** orðist svo: „*Hjólreiðamaður, sem nálgast vegamót og ætlar að fara til vinstri, má vera hægra megin á akbraut. Hann skal þá fara yfir vegamótin og beygja þá fyrst þegar það er unnt með tilliti til annarrar umferðar.*“

Í athugasemd við 3. mgr. 41. gr. frumvarpsins er tekið fram að ætlun frumvarpshöfunda sé að gera orðalag samsvarandi ákvæðis í 3. mgr. 39. gr. núgildandi laga skýrara. Umrætt ákvæði er svohljóðandi í núgildandi lögum, þ.e. 1. og 2. málsliður 3. mgr. 39. gr. laga nr. 50/1987: „*Hjólreiðamaður, sem nálgast vegamót og ætlar að fara beint áfram eða beygja til vinstri, má vera áfram hægra megin á vegi. Ætli hann til vinstri skal hann fara beint áfram yfir vegamótin og beygja þá fyrst, þegar það er unnt án óþæginda fyrir aðra umferð.*“

Ekki verður fallist á að orðalag 3. mgr. 41. gr. frumvarpsins sé skýrt. Auk þess felur orðalagið í sér efnisbreytingu frá gildandi lögum sem ekki virðist hafa verið ætlan frumvarpshöfunda. Með ofangreindri breytingu er orðalagið fellt að ákvæðum gildandi laga hvað þetta varðar og reynt að gera það ótvírætt þannig að ekki sé átt við að hjólreiðamaður stöðvi inni á miðjum vegamótum heldur að hann fari yfir þau kjósi hann að nýta sér heimild til að vera hægra megin á akbraut í aðdraganda vinstri beygju.

Almennt gildir væntanlega fyrir reiðhjólamenn að þeir fylgi almennt ákvæði 2. mgr. 18. gr. frumvarpsins þegar þeir hyggjast taka vinstri beygju á vegamótum. Ákvæði 3. mgr. 41. gr. yrði því undanþáguákvæði sem veitir hjólreiðamönnum heimild til að halda sig hægra megin á akbraut áður en þeir taka vinstri beygju á vegamótum. Þá þarf að vera skýrt að átt er við hina s.k. "dönsku vinstri beygju" sem felur í raun í sér að hjólreiðamaður fer yfir vegamótin í stað þess að beygja til vinstri inni á vegamótunum. Vegagerðin bendir á að mögulega er óþarfi að taka fram í lögum að þetta sé heimilt en leggur þó til að ekki verði haggð við reglum núgildandi laga að þessu leyti.

### **Brotflutningur ökutækja vegna snjómoksturs.**

Á undanförunum árum hefur hvað eftir annað skapast erfitt ástand þegar fjölfarnir þjóðvegir hafa lokast vegna ófærðar. Dæmi um það má nefna ástand sem skapast hefur á Hringvegi um Hellisheiði, Holtavörðuheiði, á Reykjanesbraut og víðar. Ökutæki sum hver misvel búin til vetraraksturs hafa á stundum lokað vegi og hindrað snjómokstur á þeim og þannig tafið opnun viðkomandi vega. Bótamál hafa risið vegna meintra tjóna á þessum ökutækjum vegna snjómoksturstækja eða þegar viðbragðsaðilar hafa freistað þess að færa ökutæki úr vegi snjóruðningstækja. Í þessu sambandi telur Vegagerðin ástæðu til að leggja til breytingar á 112. gr. frumvarpsins.

### **Ný málsgrein sem verði 112. gr., 3. mgr.**

Við **112. gr. bætist 3. mgr.** svohljóðandi: "*Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er lögreglu heimilt þegar svo stendur á sem greinir í 1. mgr., að færa eða láta færa ökutæki á hentugan stað ef ekki er unnt án verulegs kostnaðar og óhagræðis að flytja ökutæki til geymslu á trygган stað, s.s. þegar ökutæki er skilið eftir utan þéttbýlis fjarri byggð.*"

Ákvæði 1. mgr. 112. gr. frumvarpsins heimilar lögreglu að flytja eða láta flytja á brott ökutæki sem stendur þannig að brýtur í bága við reglur um stöðvun eða lagningu ökutækja. Einnig verður heimilt að flytja á brott ökutæki sem sendur þannig að það veldur truflun á umferð. Loks verður heimilað að flytja á brott ökutæki sem valda truflun á snjómokstri eða vinnu við veg. Í 2. mgr. 112. gr. er kveðið á um að færa skuli ökutæki til geymslu á trygган stað eins og það er orðað.

Heimild til að flytja á brott ökutæki vegna snjómoksturs er nauðsynleg til að unnt sé að opna veg eins fljótt og hægt er. Einnig er slík heimild nauðsynleg til að draga úr hættu á skemmdum á ökutækjum sem skilin eru eftir á vegi þar sem snjómokstur fer fram. Hins vegar getur verið vandkvæðum bundið að koma ökutækjum í geymslu á tryggan stað, sem skilin hafa verið eftir á heiðum uppi eða annars staðar utan þéttbýlis fjarri mannabyggð. Til þess að heimild skv. 1. mgr. komi að fullu gagni verður að hafa í huga að ekki er raunhæft að gera þá kröfu að ökutæki sem skilið er eftir fjarri mannabyggðum, sé flutt á þar til gerðan stað til geymslu ökutækja, s.s. athafnasvæði Vöku í Reykjavík. Mikill kostnaður hlytist af því og í erfiðri færð þyrfti öflug flutningstæki til að framkvæma flutning. Af þessum sökum er lagt til að heimilað verði að flytja ökutæki af vegi og á hentugan stað þar sem ökutækið truflar ekki umferð eða snjómokstur.

### **Stöðvunarheimild eftirlitsmanna.**

#### **89. gr., 1. mgr.: Niður falli orðin „sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd“**

Í þessari grein frumvarpsins er kveðið á um heimild eftirlitsmanna Vegagerðarinnar til að fyrirskipa stöðvun ökutækja í þágu eftirlits. Ákvæðið takmarkar þessa heimild við ökutæki sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd. Síðan umrædd regla var sett árið 2006 hafa orðið breytingar á ákvæðum reglugerðar um aksturs- og hvíldartíma ökumanna. Nær eftirlit nú einnig til fólksflutningabifreiða sem taka 10 - 17 farþega. Eftir þá breytingu sætir fjöldi ökutækja sem eru 3,5 tonn eða léttari eftirliti með aksturs- og hvíldartíma ökumanna. Verði ákvæði 1. mgr. 89. gr. frumvarpsins ekki breytt er ljóst að eftirlitsmenn geta ekki sinnt eftirliti með öllum þeim ökutækjum sem lúta reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanna.

Framangreind breyting var gerð með reglugerð nr. 605/2010 um aksturs- og hvíldartíma ökumanna. Með reglugerð 445/2011 var veitt undanþága frá umræddu ákvæði fyrir bifreiðar sem skráðar voru fyrir 1. júlí 2011. Fólksflutningabifreiðar sem taka 10-17 farþega og skráðar eru eftir umrætt tímamark eru því ökuritaskyldar og falla undir umræddar reglur. Með reglugerðinni var innleidd reglugerð nr. 561/2006 EB frá 15. mars 2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum og um breytingu á reglugerðum ráðsins nr. 3821/85/EBE og reglugerð nr. 2135/98/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins nr. 3820/85/EBE, sem vísað er til í 20. og 21. tölul. XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, og birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 78, 18. desember, bls. 113-125.

Í reglugerð 605/2010 er kveðið á skyldubundið eftirlit í samræmi við skuldbindingar sem leiða af ofangreindum gerðum. Verði eftirlitsmönnum ekki fært að sinna eftirliti með ökuritaskyldum ökutækjum sem eru 3,5 tonn eða léttari verður að telja hættu á að ekki verði uppfylltar skuldbindingar Íslands skv. ofangreindum gerðum sem eru hluti EES-samningsins. A.m.k. er ljóst að eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar verður ekki kleift að sinna eftirliti með umræddum ökutækjum á fullnægjandi hátt.

Takmörkun á heimild eftirlitsmanna til að stöðva ökutæki 3,5 tonn eða léttari hefur valdið vandkvæðum í framkvæmd. Ekki er unnt að meta í öllum tilvikum hvort leyfð heildarþyngd ökutækis er innan umræddra marka án þess að stöðva ökutækið og gera á því nauðsynlegar athuganir.

Stöðvun stórra ökutækja er mun vandasamari en stöðvun lítilla og því erfitt að sjá ástæður þess að eftirlitsmönnum sé ekki heimilt að stöðva ökutæki sem eru 3,5 tonn eða minna að leyfðri heildarþyngd. Torvelt er að sjá að gild rök séu fyrir því að leyfa eftirlitsmönnum að stöðva ökutæki sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd en ekki minni ökutæki. Er því lögð til framangreind breyting á **89. gr., 1. mgr.**

Vegagerðin er fús að senda fulltrúa sína á fund umhverfis- og samgöngunefndar til að skýra framangreind sjónarmið og tillögur ef þess er óskað.

Virðingarfyllt,



---

Gunnar Gunnarsson, aðstoðarvegamálastjóri.